

Lög

um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum (ábyrgð félagsmanna í veiðifélögum).

1. gr.

Í stað orðanna „sem gilda skulu í a.m.k. átta ár“ í 1. málsl. 2. mgr. 29. gr. laganna kemur:
fyrir tilgreindan árafjölda.

2. gr.

Við 2. mgr. 37. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Félagsmenn bera ekki
persónulega ábyrgð á fjárskuldbindingum veiðifélags.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „1.–4. mgr.“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: 1.–3. mgr.
- b. 2. málsl. 5. mgr. fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 29. janúar 2014.